

Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði Setbergsskóla

Skólaárið 2011-2012

Samkvæmt 8. gr. laga um grunnskóla nr. 91 frá 2008 skal starfa skólaráð við grunnskóla. Skólaráð Setbergsskóla var stofnað 3. febrúar 2009.

Skólaráð er samstarfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald.

Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs.

Sjá reglugerð um skólaráð nr. 1157/2008

Kosning í skólaráð

- Tveir fulltrúar kennara kosnir á kennarafundi
- Einn fulltrúi annars starfsfólks kosinn á starfsmannafundi þess
- Tveir fulltrúar foreldra kosnir skv. starfsreglum foreldrafélags
- Tveir fulltrúar nemenda kosnir skv. starfsreglum nemendafélags
- Skólaráð velur sjálft einn fulltrúa íbúa úr grenndarsamfélagi

Hlutverk

- fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið
- fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar
- tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið
- fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda
- fjallar um skólareglur, umgengnishætti í skólanum
- fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað
- tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Fulltrúar foreldra í skólaráði síðastliðið skólaár voru Mjöll Flosadóttir og Vilhjálmur Kári Haraldsson.

Fulltrúi grenndarsamfélags var Pálmar Sigurðsson formaður foreldrafélagsins.

Skólaráð setti sér starfsáætlun þar sem haldnir voru 7 fundir á skólaárinu.

Meðal verkefna og umræðna skólaárið 2011-2012.

Lögð voru fram drög að funda- og starfsáætlun Skólaráðs fyrir árið 2011-2012.

Rætt var um starfsemi heilsdagsskólans eftir flutning til ÍTH. Nú er heilsdagsskólinn í húsnæði á efri hæð íþróttahússins og þar með öll aðstaða betri.

Rætt var um húsnæðismál og kom umsjónarmaður skólahúsnæðis á fund með ráðinu, en verksvið hans er orðið mjög víðfeðmt eftir að þeim byggingum var fjölgað sem hver og einn umsjónarmaður hefur á sinni könnu. Farið var yfir ástand húsnæðis, loftræstingakerfi og hitamál.

Farið var yfir það að naumur tími er til að fara í og úr sund. Krökkunum er sagt að drífa sig þar sem naumur tími er eftir sund. Talað var við starfsfólk sundlauga og það beðið um að taka tillit til þess að krakkarnir hafi nægan tíma eftir sundferð.

Gerð var fyrirspurn um hvernig hið nýja tímaskipulag reyndist, þ.e. að allir byrja kl. 8:10. Að mati skólastjórnenda reynist það vel og tími þeirra kennara sem kenna á fleiri en einu skólastigi nýtist betur. Skipulag í hádegi gengur einnig vel þrátt fyrir styttra matarhlé.

Farið var yfir skýrslu um úttekt Mennta- og menningarmálaráðuneytisins á starfi Setbergsskóla, en þar kom fram að skólastarf í Setbergsskóla er starfrækt samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem krafist er.

Farið var yfir símenntunaráætlunina og kynntar þær áherslur sem skólinn hefur.

Skólapúlsinn var kynntur og sagt frá fyrirkomulagi kannana sem lagðar eru fyrir nemendur í 6. – 10. bekk 6 sinnum á ári. Einnig voru spurningar skoðaðar og rætt um þá efnisþætti sem kannaðir verða og úrvinnslufyrirkomulag.

Farið var yfir skóladagatal næsta vetrar. Í ljós kom að færður hafði verið einn skipulagsdagur sem á að vera sameiginlegur. Hann hafði verið færður frá 21. maí til 10 maí sem þótti henta betur út frá skólastarfinu. Skipulagsdagur verður færður á upphaflega dagsetningu til að fara að tilmælum fræðslufyrivalda. Jafnframt var skólastjóra falið að óska eftir tilfærslu á þeim degi til 10 maí svo hann nýtist skólastarfi betur.

Bent var á að æskilegt væri að fræðslufirvöld gerðu könnun varðandi staðsetningu vetraleyfisdaga. Kanna þyrfti hvort fólk vildi fá vetraleyfi og hvenær æskilegt væri að vetraleyfis dagar væru staðsettir. Einnig þyrfti að kanna óskir fólks um lengd vetraleyfis. Könnun þyrfti að ná til foreldra og starfsmanna.

Fulltrúar foreldra í skólaráði gerðu athugasemd við frídag þann 2. Janúar og telja að skólastarf ætti að hefjast strax eftir hátíðar til að skólastarf sé í samræmi við atvinnulífið.

Stungið var uppá því að fræðslufirvöld hlutuðust til um að myndaður yrði starfshópur um skóladagatalið þar sem rætt væri fyrirkomulag skólastarfs. Rætt var um í hvers þágu skólastarf væri og hvort skóladagatalið endurspeglaði þarfir skólasamfélagsins. Athugasemdir voru gerðar við vinnuferðlið og óskað eftir að meira samráð væri í framtíðinni við allt skólasamfélagið um vinnslu skóladagatals. Skóladagatalið var samþykkt eins og það lág fyrir.

Stóra upplestrasamkeppnin – leggja þarf meiri áherslu á upplestur til að auka möguleika á verðlaunasæti. Finna þarf leiðir til að vinna á markvissan hátt með þjálfun í upplestri.

Farið var yfir skipulag næsta skólaárs þ.e. 2012-2013, var m.a. rætt um hugsanlega leikskóladeild fyrir 5 ára við skólann. Undirbúningur er í gangi með að hún komi inn skólaárið 2013-2014. Ekki varð þó að stofnun þeirra deildar að sinni. Valfög í 9 og 10 bekk verða í meiru samstarfi við Lækjaskóla, Gaflarleikhúsið og Iðnskólann. Einnig verða fleiri valtimar fyrir 8. bekk..

Farið var yfir foreldrakönnun 4, 7 og 9 bekk, þar sem kemur m.a. fram að foreldrar treysta kennurum skólans mjög vel og skólanum fyrir námi og velferð barna þeirra.

Farið var yfir Olweusar-könnun sem framkvæmd var í nóvember 2011 og 2010 – könnunin var lögð fyrir nemendur í 4-10 bekk. Þátttaka var 98%. Þar kom m.a. fram að einelti fer fram á skólalóð eða

göngum skólans. 90% barna segist ekki taka þátt í einelti. Einelti mælist mest í 4-5 bekk og minnkar eftir því sem nemendur eldast.

Kynntar voru helstu niðurstöður starfsmannasamtal, þar sem lagðar voru 11 spurningar fyrir kennara. Þar kom m.a. fram óskir kennara um meiri útikennslu, læra meira um talnablindi. Ánægja með starfsumhverfi, of mikið af fundum, góð tengsl milli starfsfólks

Skólalæsing var haldið í byrjun mars þar sem yfirskrift þess var „Yndislestur og læsi í Setbergsskóla“. Þar var farið yfir niðurstöður skólalæsingarinnar. Einnig hvað Setbergsskóli er að gera í lestri. Að auki var fyrirlestur um Lestrahestamennsku sem Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur og dósent á Akureyri flutti. Þingið tókst mjög vel og var afar fróðlegt – en því miður var lítil þátttaka foreldra.

Foreldrar eru hvattir til að skoða heimasíðu skólans til að fylgjast með starfinu.

Skólaráð er mikilvægur vettvangur foreldra til þess að stuðla að farsælu samstarfi heimila og skóla og hafa áhrif á skólastarf með hag nemenda að leiðarljósi.

Við sem höfum verið fulltrúar foreldra í skólaráði viljum þakka skólastjórnendum og öðrum fulltrúum skólans í ráðinu fyrir mjög gott og ánægjulegt samstarf á liðnu skólaári.

Mjöll Flosadóttir og Vilhjálmur Haraldsson
okt. 2012

Vilhjálmur er ekki lengur með barn í skólanum og mun því hverfa úr skólaráðinu – er honum þökkúð störf í þágu skólaráðsins.